

Breytingartillögur

við frv. til l. um fjölmiðla.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (OH, ÁsmD, JRG, MT, SkH).

1. Við 2. gr.
 - a. Í stað orðsins „Fjarsala“ í 12. tölul. komi: Fjar kaup.
 - b. 2. og 3. másl. 12. tölul. orðist svo: Til fjarkaupa teljast bæði fjarkaupaþættir og fjarkaupainnskot. Fjarkaupaþættir eru heildstæðir dagskrárliðir en fjarkaupainnskot eru efni sem miðlað er á milli dagskrárliða og lýtur sömu reglum og viðskipta-orðsendingar.
 - c. Í stað orðsins „fjarsala“ í 22. tölul. komi: fjarkaup.
2. Við 7. gr.
 - a. Orðið „stjórnarfarslega“ í 1. másl. 1. mgr. falli brott.
 - b. Í stað 3. másl. 1. mgr. komi tveir nýir máslíðir, svohljóðandi: Við framkvæmd eftirlits með viðskiptaorðsendingum sem falla undir eftirlit annarra stjórnvalda samkvæmt sérlögum skal Fjölmiðlastofa leita samstarfs um verkaskiptingu við þau stjórnvöld. Fjölmiðlastofa skal gera samstarfssamning við Neytendastofu um mál sem geta varðað starfssvið þessara stofnana.
3. Við 8. gr.
 - a. Í stað orðsins „þriggja“ í 1. másl. 1. mgr. komi: fimm.
 - b. 2. másl. 1. mgr. orðist svo: Tveir fulltrúar skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og tveir samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins en þann fimmta skal ráðherra skipa án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður stjórnar.
 - c. Á eftir 2. másl. 1. mgr. komi nýr máslíður, svohljóðandi: Formaður stjórnar skal uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara.
 - d. Í stað orðanna „og menntun sem nýtist á þessu sviði“ í 4. másl. 1. mgr. komi: og/eða starfsumhverfi fjölmiðla.
4. Við 26. gr.
 - a. Í stað orðanna „og virða tjáningarfrelsi“ í 1. másl. komi: virða tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs.
 - b. Við 2. másl. bætist: á hlutlægan hátt.
 - c. Á eftir 3. másl. komi nýr máslíður, svohljóðandi: Þá er fjölmiðlum óheimilt að hvetja til refsiverðrar háttsemi eða ósæmilegra athafna.
5. Við 29. gr. Á eftir 1. másl. 1. mgr. komi nýr máslíður, svohljóðandi: Fjölmiðlar sem miðla hljóði og texta á íslensku skuli í því skyni marka sér málstefnu.
6. Við 37. gr.
 - a. Í stað orðsins „fjarsala“ í 1., 3. og 4. mgr. komi: fjarkaup.
 - b. Orðin „og lyfseðilsskyld lyf sem“ í 1. másl. 4. mgr. falli brott.

- c. Í stað 2. másl. 4. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sama gildir um viðskiptaorðsendingar um lyfseðilsskyld lyf, eins og kveðið er á um í lyfjalögum. Fullyrðingar sem fram koma í viðskiptaorðsendingum og fjarkaupainnskotum fyrir óáfengar drykkjarvörur þarf að vera hægt að færa sönnur á.
7. Við 38. gr.
- a. Í stað orðsins „fjarsala“ komi: fjarkaup.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Fjölmiðlastofa hefur samstarf við Neytendastofu um eftirlit samkvæmt þessari grein.
- c. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Vernd barna gegn ótilhlýðilegum viðskiptaorðsendingum og fjarkaupum.*
8. Við 41. gr.
- a. Í stað orðsins „fjarsöluinnskot“ hvarvetna í greininni komi, í viðeigandi beygingarfalli: fjarkaupainnskot.
- b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Tímar fyrir auglýsingar og fjarkaupainnskot í hljóð- og myndefni.*
9. Fyrirsögn VI. kafla orðist svo: **Viðskiptaorðsendingar og fjarkaup.**
10. Við 45. gr. 3. másl. a-liðar 1. mgr. orðist svo: Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um lágmarkskröfur um útsendingargæði og öryggi.
11. Við 47. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari útfærslu á kostnaðargreiningu endurgjalds fyrir flutning myndefnis, m.a. um aðferðir við eignamat, afskriftir og ávöxtunarkröfu auk gerðar kostnaðarlíkana.
12. Við 54. gr.
- a. 2. mgr. falli brott.
- b. Við 6. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í slíku tilviki er Fjölmiðlastofu heimilt að ljúka málsmeðferð með útgáfu álits sem birt er á heimasíðu stofnunarinnar.
- c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Fjölmiðlastofu er heimilt að mæla fyrir um birtingu ákvörðunar að hluta eða í heild. Skal birtingin fara fram með þeim hætti og í þeim mæli sem sanngjarnt má teljast. Hinn brotlegi skal annast og kosta birtinguna.
13. Við 63. gr. Í stað orðanna „1. maí 2010“ komi: 1. maí 2011.
14. 6. tölul. 64. gr. falli brott.
15. Í stað orðanna „1. febrúar 2010“ í ákvæði til bráðabirgða I komi: 1. febrúar 2011.
16. Ákvæði til bráðabirgða III orðist svo:
Þrátt fyrir gildistöku laga þessara skv. 63. gr. skal í kjölfar birtingar þeirra skipa stjórn Fjölmiðlastofu í samræmi við 1. mgr. 8. gr.
17. Í stað 1. og 2. másl. ákvæðis til bráðabirgða IV komi nýr málsliður, svohljóðandi: Í kjölfar birtingar laga þessara skal mennta- og menningarmálaráðherra skipa nefnd til að gera tillögur í frumvarpsformi um viðeigandi takmarkanir eignarhalds á fjölmiðlum.